

**SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu,  
nr. 320 22. desember 1969.**

## 1. gr.

Við 33. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fenginni umsögn hreppsnefndar. Hreppsnefnd ákveður gjald fyrir leyfið, sem veitt skal til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09.00 til kl. 23.30. Í rekstrarleyfi getur lögreglustjóri bannað aðgang barna yngri en 16 ára.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. september 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUR****um tollfrjálsan innflutning á verðlitlum sýnishornum.**

## 1. gr.

Sýnishorn af verslunarvörum og auglýsingaefni sem innflutningur er leyfður á til landsins skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning, að því tilskildu að verðmæti þeirra sé óverulegt og þau verði aðeins notuð til að ákveða eftir þeim pantanir. Í þessu sambandi skulu eftirtaldar vörur skoðast óverulegar að verðmæti hvort heldur þær eru fluttar inn í farangri innflytjanda eða ekki:

1. Hráefni og vörur eins og garn, dúkar (metravarar), pappír, trjáviður, ódýrir málmar, marmari og aðrir minnismerkja- og byggingarsteinar, skornir í lengdir, arkir, klumpa, stykki o. s. frv., í þeim stærðum að varan sé ónothæf til annars en sem sýnishorn.
2. Naglar, stifti, lykkjur, kengir, sinklar, boltar og rær, fleinar, splitti og splittnaglar o. þ. h.; hnappar, smellur, ermahnappar, sylgjur, krókar og aðrir smáhlutir sem almennt eru notaðir til fata eða sem fataskraut, svo framarlega sem hlutir þessir séu úr ódýrum efnum og séu festir upp á spjöld eða lagðir fram sem sýnishorn á þann hátt sem venjulegt er í viðskiptum og ekki sé meira en eitt stykki af hverri stærð og tegund.
3. Hráefni og vörur eins og trjáviður, náttúrlegur eða pressaður korkur, pappír eða pappi, dúkar (metravarar), flóki, leður, steinn, gúmmí og plastefni svo og fatnaður, skófataður, höfuðfatnaður og aðrir hlutir úr þessum efnum eða vörum sem gerðir hafa verið